

Umsögn vegna Hólmsárvirkjunar neðri.

Undirrituð er fædd og uppalin á Flögu í Skaftártungu, á þar hús og land sem staðsett er á áhrifasvæði Hólmsárvirkjunar.

Ég er mótfallin virkjunarhugmyndum í Hólmsá vegna margra ástæðna og ætla að nefna nokkrar þeirra hér.

Eldvirkni

Ég nefni nálægð lónsstæðis við eldstöðina Kötlu og þá óraunhæfu sýn þeirra sem að virkjuninni koma, að flóð úr Kötlu muni koma fram á einhverjum ákveðnum stöðum og alls ekki yfir lónsstæðið. Nú nýlega sat ég ráðstefnu um Kötlu jarðvang þar sem m.a. var fjallað um hlaup úr Kötlu sem hafði áhrif á mun stærra svæði en síðustu gos hafa gert. Sagan ætti að hafa kennt okkur að eldfjöll eru ekki auðlesin og því á öllu von. Vil ég leyfa mér að spyrja hvort réttmætt sé að sóa almannafé í svona áhættuverkefni sem Hólmsárvirkjun er. Stórt og óútreiknanlegt Kötlugos með tilheyrandi vatnsflóði gæti hreinsað til við Atley hvort heldur sem er á byggingartíma virkjunarinnar eða síðar.

Línustæði

Fyrirhugað línustæði frá stöðvarhúsi að flutningslínu (Sigöldulínu) liggur um Skaftártunguheiðar á um 30 km. kafla. Þessar heiðar eru nær óraskaðar, hafa mikið jarðfræðilegt gildi og þykja einstakar, jafnvel á heimsvísu. Fyrirhugað línustæði mun skera í sundur þessi heiðarlönd að endilöngu.

Landbúnaður

Virkjunin mun þrengja að hefðbundnum sauðfjárbúskap í Skaftártungu, en nú þegar leigja bændur þar beitarlönd og slægjur. Fyrirhugað lón er 1000 hektarar og fer það yfir beitarlönd bænda í Skaftártungu og Álftaveri.

Landgræðslan hefur einnig á liðnum árum sett fjármagn og bændur lagt til vinnu í uppgræðslu við Kletteyjar. Það svæði mun nú fara undir lón ef af virkjun verður.

Lítið hefur verið fjallað um áhrif þess að setja Hólmsá út í Tungufljót (Flögulón) svo ofarlega sem fyrirhugað er. Hver verða áhrif þess að Tungufljótið ásamt Eldvatninu lóna upp fyrir ofan Skerhól og upp með Eldhrauni. Þau flæða síðan út á hraunið með tilheyrandi jarðvegseyðingu og uppblæstri. Ég tel að þetta muni einnig hraða hækkun vatnsbotnsins í Flögulóni og þá mun hækka enn frekar í fráveituskurðum á svæðinu.

Hagsmunir af veiði í Tungufljóti eru mjög miklir og hafa verið í gegnum tíðina. Ekki liggur fyrir hvaða áhrif þessar breytingar munu hafa á þær í framtíðinni.



Flögulón og Skerhóll til hægri.

Að lokum vil ég líka benda á að þessar framkvæmdir hafa mikil óþægindi í för með sér fyrir mig og mína afkomendur. Ekki mun verða hægt að dvelja í húsi okkar vegna framkvæmda, nálægðar við vinnubúðir og umróts þar allt um kring. Fyrirhugaðar framkvæmdir taka nokkur ár og algjörlega er óvíst hvenær þeim og frágangi við virkjunarsvæðið verður að fullu lokið.

Það er því eindregin skoðun mín að Hólmsárvirkjun megi ekki verða að veruleika og tel ég að hún eigi að færast úr biðflokki yfir í verndarflokk Rammaáætlunar.

Jóna Lísu Gísladóttir
Blönduhlíð 31
105 Reykjavík